

## AUGLÝSING

### um nýtt og breytt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

#### *Háskólinn í Reykjavík.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 3. júlí 2019, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík. Í breytingunni felst að afmarkaðir eru þrír byggingarreitir fyrir hjólaskýli á lóð.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Freyjubrunnur 23.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 18. júlí 2019, breytingu á deiliskipulagi að Freyjubrunni 23. Í breytingunni felst m.a. að fjölga íbúðum úr fimm í átta og auka byggingarmagn.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Laugavegur 73.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 26. júní 2019, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Landsbankareits, reitur 1.174.0, vegna lóðarinnar nr. 73 við Laugaveg. Í breytingunni felst fjölgun íbúða úr 9 í 10, inngangur að efri hæðum er færður á Laugaveg, inndráttur á 5. hæð sem snýr að Laugavegi hefur verði málsettur á uppdrætti og heimilt er að búnaður á þaki s.s. lyftuhús og tæknibúnaður fari upp fyrir tilgreindan hámarksskóta.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Lynghóls 1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 9. ágúst 2019, breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 1 við Lynghóls. Í breytingunni felst að afmarkaður er byggingarreitur ofan á núverandi byggingu og hann verði hluti af heildarbyggingarmagni sem leyfilegt er að byggja á lóðinni og hámarksbyggingarmagn lóðar fari úr 1,0 í 1,1.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Kjalarnes, Brautarholt 11.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 9. ágúst 2019, breytingu á skilmálum deiliskipulags Brautarholts, Kjalarnesi – norðurhluti, vegna lóðarinnar nr. 11 við Brautarholt á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að heimilt er að vera með sambyggða aukaíbúð við íbúðarhúsið á lóðinni, sem ætluð er til útleigu, í stað sambyggðrar tvöfaldrar bílgeymslu.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Krókháls 13A.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 9. ágúst 2019, breytingu á deiliskipulagi Grafarlækjar – Stekkjarmóa – Djúpadals vegna lóðarinnar nr. 13A við Krókháls. Í breytingunni felst færsla á lóð fyrir dreifistöð til suðurs.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 16. ágúst 2019.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 30. ágúst 2019